

STARFSLEYFI

UST202109-137

Urðun úrgangs og brennsla aukaafurða dýra

Norðurá bs.

Starfsstöð: Stekkjarvík, Blönduósi

Lögheimili: Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkrókur

Kt.: 560206-0620

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Norðurá bs., kt. 560206-0620, fyrir urðun úrgangs og rekstur brennsluofna fyrir aukaafurðir dýra í Stekkjarvík, landeignarnúmer L219375, Blönduósi.

Norðurá bs. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsemin skiptist í eftirfarandi þætti:

- Heimilt er að urða allt að 30.000 tonn af almennum úrgangi á ári. Því er óheimilt að urða spilliefni. Þó má urða stöðug óvirk spilliefni, sbr. 4. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.
- Heimilt er að brenna samtals 6.000 tonn af aukaafurðum dýra á ári í tveimur brennsluofnum.
- Heimilt er að safna allt að 1.000m³ af hauggasi í gassöfnunarblöðru til notkunar. Frekari geymsla hauggas er óheimil á svæðinu.

Meðhöndlun asbestúrgangs skal vera í samræmi við ákvæði tl. 2.3.3 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003 og 5. gr. reglugerðar nr. 705/2009 um asbestúrgang.



Úrgang sem inniheldur gifs er óheimilt að urða með lífrænum úrgangi, sbr. tl. 2.2.3 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

Óheimilt er að urða úrgang sem er talinn upp í 8. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Óheimilt er að urða aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

1.3 Eftirlit

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við 65. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslu um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.8 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri, þ.m.t. breytingar er varða rekstraraðila, með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 14. gr. laga nr. 7/1998. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.

Breytingin skal vera í samræmi við matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar, sbr. lög nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ef við á.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Áætlun skal vera til staðar til að bregðast við verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt. Annars vegar skal þar fjallað um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá úrgangi, efnum, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi. Með áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og tryggja að ekki séu skilin eftir á svæðinu



hráefni sem tilheyrir rekstrinum. Í áætlun skal m.a. gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá úrgangi, afurðum, eignum, búnaði, húsnæði, tækjum, rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt.

Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlanirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Gera skal Brunavörnum Húnabyggðar viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megí út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.6 Lokun urðunarstaðar

Um frágang urðunarstaðar, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi urðunarstaðarins lýkur skal fara samkvæmt 61. gr. laga nr. 55/2003 og 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003. Frágangur skal vera í samræmi við deiliskipulag og leitast skal við að í endanlegri mynd falli svæðið sem best að landslagi. Grein 4.5 í starfsleyfi þessu skal uppfyllt eftir lokun. Áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur.

1.7 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, sbr. einnig 14. og 15. gr. laga nr. 7/1998.

Umhverfis- og orkustofnun er skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið meðal annars í eftirfarandi tilfellum:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningarskylt er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðakröfum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breyting verður á bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.



- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út.
- Ef vöktun leiðir í ljós að yfirborðsvatn eða grunnvatn sem er undir áhrifum frá starfseminni uppfylla ekki þau umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir þau eða að ástand vatnshlotanna fer hrakandi vegna rekstrarins, skal fara í aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotin skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.
- Ef breyting verður á skipulagi, skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Rekstraraðila er ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

Rekstraraðili skal, sé þess óskað af útgefanda starfsleyfis, leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.

1.8 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili tafarlaust upplýsa eftirlitsaðila um það og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfis- og orkustofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.9 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við reglugerð nr. 550/2018.

Umhverfis- og orkustofnun birtir eftirlitsniðurstöður samkvæmt gr. 1.3. og 1.8 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti.

1.10 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.



Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna eftirlitsaðila Umhverfis- og orkustofnunar um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfis- og orkustofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

2 STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Rekstraraðili skal tryggja eins og best verður á kosið með markvissum vinnubrögðum að halda mengun lofts, láðs og lagar í lágmarki. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Viðhald á mengunarvarnabúnaði skal vera fyrirbyggjandi.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim, skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti og vera hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila¹ (sjá gr. 2.5).

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða. Gera skal ráðstafanir til að minnka sem mest má verða þau óþægindi og þá hættu sem stafar af urðunarstaðnum vegna elda. Brennanlegum úrgangi, sem geymdur er, skal koma fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Ávallt skal vera hreinn aðskilnaður á milli brennanlegra úrgangsflokka til að lágmarka sambrunahættu og skal ekki staðsetja úrgangshauga nær húsum eða gróðri en sem nemur 8 metrum.

Rekstraraðili skal stuðla að endurnýtingu úrgangs eins og kostur er, s.s. með því að koma úrgangi sem berst til endurnýtingar ef slík ráðstöfunarleið er fyrir hendi.

2.2 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr eða vargfugl skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Skal rekstraraðili útbúa áætlun um mótvægisáðgerðir til að bregðast við ágangi meindýra.

2.3 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur

¹ BAT 1, sbr. gr. 3.1
Síða 5 af 25



haft samband við þennan aðila utan hefðbundins vinnutíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfis- og orkustofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

2.4 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Stjórnandi urðunarstaðar skal hafa nægilega tæknilega færni til að stjórna honum og hann skal hafa hlotið faglega og tæknilega menntun og þjálfun.

Vinna á athafnasvæði skal vera á ábyrgð tilgreinds starfsmanns hverju sinni, sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum rekstrarins. Tilgreindur starfsmaður skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda.

Tryggja skal að starfsmenn hafi fullnægjandi þekkingu á hættulegum eiginleikum þeirra efna sem þeir gætu komist í tæri við. Upplýsingar þar að lútandi skulu ávallt vera tiltækar í starfsstöðinni. Starfsfólk skal vera þjálfað til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað svæðisins. Tryggja skal kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum.

Rekstraraðili er skylt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Rekstraraðili skal sýna ýrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Aðgangur að athafnasvæðinu skal vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokað og læst nema þegar starfsemi fer fram. Á urðunarstaðnum skal eftirlits- og aðgangskerfi einnig fela í sér aðgerðir sem miða að því að koma upp um og sporna gegn ólöglegri losun á staðnum. Gott eftirlit og viðhald skal vera með girðingu.

Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

2.5 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili skal vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi fyrir brennsluofna². Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001, eða umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS) eða öðru kerfi sem uppfyllir kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi fyrir aðra starfsemi starfsstöðvar.

Umhverfisstjórnunarkerfi skulu m.a. fjalla um yfirstjórnun og fela í sér umhverfisstefnu sem kveður á um stöðugar umbætur á verkferlum og útbúnaði, greiningu á regluverki um umhverfismál og það skal ná yfir vöktun á losun og umhverfisvöktun. Umhverfisstjórnunarkerfi brennsluofna skal innihalda skrá yfir ílag og frálag brennsluofnana³. Þá skal umhverfisstjórnunarkerfið koma á fót og í framkvæmd aðgerðaráætlunum fyrir orkunýtingu, vatnsstjórnun, iðefnastjórnun og stjórnun við önnur en venjuleg

² BAT 1, sbr. gr. 3.1

³ BAT 1 liður 22 (BAT 2), sbr. gr. 3.1



rekstrarskilyrði⁴. Verði hávaða óþægindar tilvik eða þau sönnuð skal umhverfisstjórnunarkerfið fela í sér áætlun um hávaðastjórnun. Verði lyktar óþægindar tilvik eða þau sönnuð skal umhverfisstjórnunarkerfið fela í sér áætlun um lyktarstjórnun⁵.

Rekstraraðila er heimilt að aðlaga umhverfisstjórnunarkerfið að stærð, umfangi og flækjustigi starfseminnar og þeim umhverfisáhrifum sem hún kann að hafa⁶. Hefja skal vinnu við uppsetningu umhverfisstjórnunarkerfis eigi síðar en sex mánuðum eftir útgáfu þessa starfsleyfis og skal vinnu við uppsetningu lokið innan tveggja ára. Eftirlitsaðili skal upplýstur um stöðu innleiðingar umhverfisstjórnunarkerfisins í eftirlitum. Umhverfisstjórnunarkerfið skal vera aðgengilegt eftirlitsaðila.

2.6 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfis- og orkustofnunar. Viðbragðsáætlun skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti.

Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.7 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu og heilsu manna. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.6. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og önnur atvik sem geta haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112 Neyðarlínuna.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið og heilsu manna.

Eftirlitsaðila er heimilt ef þörf er á að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

⁴ BAT 1 liðir 24 (BAT 9), 25 (BAT 10), 23 (BAT 2) og 27 (BAT4)

⁵ BAT 1 liðir 26 (BAT 16) og 21 (BAT 18), sbr. gr 3.1

⁶ Heimild til að aðlaga kröfur á þennan hátt kemur fram í BAT 1, sbr. gr. 3.1



2.8 Gjaldataka fyrir förgun úrgangs

Rekstraraðili skal innheimta gjald vegna förgunar úrgangs, sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við förgun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstur. Einnig skal gjaldið að svo miklu leyti sem hægt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. gr. 2.9 í starfsleyfi þessu, og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar, til 30 ára.

Ef rekstraraðili er sveitarfélag eða byggðasamlag skal gjaldið þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs, s.s. vegna þróunar nýrrar tækni, rannsókna, fræðslu eða kynningarmála.

2.9 Starfsleyfistrygging vegna urðunar

Rekstraraðili skal vera með fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð sem gildir í 30 ár eftir að urðunarstað er lokað, sbr. 59. gr. laga nr. 55/2003 og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003. Ábyrgðin skal vera að lágmarki fjárhæð kr. 41 milljónir (kr. 41.000.000,-) og fylgja breytingu á vísitölu neysluverðs frá því sem hún var við útgáfu starfsleyfis.

2.10 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfis- og orkustofnun metur gilda, sem jafngildir 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Rekstraraðili skal senda Umhverfis- og orkustofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.11 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari eða aðrar mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrði sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megir aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili skal tryggja að notuð sé besta aðgengilega tækni við mengunarvarnir, sbr. b. lið 38. gr.



laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og nýta vel orku⁷ og vatn⁸. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir skal haldið í lágmarki.

Besta aðgengilega tækni fyrir brennslu á aukaafurðum dýra hefur verið skilgreind í „Best Available Techniques (BAT) Reference Document for Slaughterhouses, Animal By-products and/or Edible Co-products Industries“, 2023 og BAT-niðurstöðum fyrir sláturhús, iðnað fyrir aukaafurðir úr dýrum og/eða ætar samafurðir⁹.

BAT-niðurstöður eru m.a. aðgengilegar á íslensku á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar.

Númeraðar BAT kröfur í neðanmálsgreinum í þessu starfsleyfi vísa í þessar framkvæmdarákvarðanir.

Rekstraraðili skal sjá til þess að starfsemi brennsluofna sé ávallt í samræmi við BAT-niðurstöður.

Ef rekstraraðili breytir um valkost um bestu aðgengilegu tækni þá skal hann upplýsa eftirlitsaðila um þær breytingar og hvernig þær samræmast BAT-niðurstöðum.

Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni skal rekstraraðili senda Umhverfis- og orkustofnun, að beiðni stofnunarinnar, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggst taka upp hina nýju tækni en rökstyðja annars að honum sé það ekki mögulegt.

3.2 Varnir gegn foki úrgangsefna

Komið skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá starfseminni, t.d. með uppsetningu skjólbelta og/eða jarðvegsmana og með því að taka tillit til vindafars hverju sinni við móttöku og meðhöndlun á fokgjörnum úrgangi. Viðmið þurfa að vera til staðar sem takmarka urðun ef vindur fer yfir viss mörk. Fylgjast skal skipulega með foki úrgangsefna og lækka viðmið um hámarksvindstyrk í samræmi við það.

3.3 Verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns

Komið skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn. Urðunarstaðurinn og urðunarhólf skulu frágengin þannig að yfirborðsvatni sé beint frá þeim, t.d. með opinni fráveitu.

Til að draga úr mögulegri útskolun mengunarefna yfir í grunnvatn skal halda grunnvatni og sigvatni í urðunarhólfi aðskildu, þannig að grunnvatn geti ekki runnið inn í botn urðunarhólsins og blandast sigvatni. Veita skal því grunnvatni sem sígur inn í hólfið frá hólfinu í sérstakri lögn. Sigvatnslagnir sem taka við sigvatni frá urðunarhólfinu skulu vera til staðar og leiddar í hreinsivirki neðan hólsins.

Botn og hliðar urðunarstaðarins eru mynduð úr jarðlögum sem fyrir eru á urðunarstaðnum frá náttúrunnar hendi. Ekki er gerð krafa um tilbúinn jarðfræðilegan tálma, botnþéttingu eða hriplag.

⁷ BAT 9, sbr. gr. 3.1

⁸ BAT 10, sbr. gr. 3.1

⁹ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2749 um að fastsetja niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, fyrir sláturhús og iðnað fyrir aukaafurðir úr dýrum og/eða ætar samafurðir sem hafa verið innleiddar með reglugerð nr. 935/2018.



Samkvæmt framangreindu er dregið úr kröfum sem settar eru fram í tl. 3.2 og 3.3 í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003, enda hefur rekstraraðili lagt fram áhættumat og sýnt fram á að jarðvegi og grunn- og yfirborðsvatni stafi ekki hættu af urðun við þessar aðstæður, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Leiði niðurstöður eftirlitsmælinga í ljós mengun í vatni mun útgefandi starfsleyfis fara yfir þær kröfur sem koma fram í þessari grein og skoða hvort ástæða sé til að auka þær.

Jarðveg, grunn- og yfirborðsvatn skal enn fremur vernda með eftirfarandi hætti:

- Á botni urðunarstaðarins skal nýta náttúrulegt leirlag sem jarðfræðilegan tálma, í samræmi við lýsingar sem koma fram í starfsleyfisumsókn og áhættumati sem fylgdi umsókninni. Sé leirlagið einsleitt, þykkt þess um 15 m og lektarstuðull þess hvergi hærri en $1,6 \cdot 10^{-7}$ m/s er ekki þörf fyrir tilbúna þéttingu á botninn. Reynist leirlagið hins vegar ekki uppfylla þessi skilyrði skal leggja tilbúna þéttingu yfir það, t.d. viðurkenndan bentónít-dúk. Hriplag skal vera á botni og skal það ekki hafa lægri lektarstuðul en $1,0 \cdot 10^{-2}$ m/s og vera a.m.k. 0,5 m að þykkt. Að öðru leyti skal við hönnun fylgja þeim forsendum sem gefnar voru í áhættumati sem fylgdi starfsleyfisumsókn, s.s. varðandi halla á botni og fjarlægð á milli sigvatnssöfnunarröra.
- Í hliðum urðunarstaðarins skal að hluta nýta náttúrulegt leirlag sem jarðfræðilegan tálma og að hluta útbúa tilbúinn tálma. Sé leirlagið í neðri hluta hliðanna einsleitt, þykkt þess um 20 m og lektarstuðull þess hvergi hærri en $1,6 \cdot 10^{-7}$ m/s er ekki þörf fyrir tilbúna þéttingu. Efri hluta hliðanna, þar sem náttúrulegt leirlag er ekki til staðar, skal klæða með viðurkenndum bentónít-dúk sem hefur lektarstuðul að hámarki $1,0 \cdot 10^{-11}$ m/s og lágmarksþykkt 7 mm. Hriplag skal vera á neðri og efri hlutum hliðanna og skal það ekki hafa lægri lektarstuðul en $1,0 \cdot 10^{-2}$ m/s. Að öðru leyti skal við hönnun fylgja þeim forsendum sem gefnar voru í áhættumati sem fylgdi starfsleyfisumsókn, s.s. varðandi halla á hliðum og staðsetningar sigvatnssöfnunarröra. Samkvæmt ofangreindu er dregið úr kröfum sem settar eru fram í tl. 3.2 og 3.3 í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003, enda hefur rekstraraðili lagt fram áhættumat og sýnt fram á að jarðvegi og grunn- og yfirborðsvatni stafi ekki hættu af urðuninni verði ofangreindum skilyrðum fylgt, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003. Sýni niðurstöður eftirlitsmælinga að mengun í jarðvegi, grunnvatni eða yfirborðsvatni sé meiri en gert er ráð fyrir má búast við að Umhverfis- og orkustofnun endurskoði þær kröfur sem koma fram í þessari grein.

3.4 Sigvatn

Safna skal öllu sigvatni undan urðunarstaðnum. Sigvatnið skal leiða í gegnum hreinsivirki áður en það er leitt út viðtakann norðan við urðunarstaðinn. Í hreinsivirkinu skal hreinsa sigvatnið með fullnægjandi hætti þannig að tryggt verði að mengunar frá urðunarstaðnum gæti ekki í viðtaka.



Ef notuð eru íblöndunarefni við efnafræðilega hreinsun sigvatnsins skal tryggja að þau berist ekki í viðtaka.

Tryggja skal að asbesttrefjar berist ekki út í umhverfið með sigvatni frá sérstakri rein fyrir asbestúrgang.

3.5 Vatnamál

Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu öll vatnshlot uppfylla þau umhverfismarkmið sem sett eru fyrir þau.

Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að vera í góðu efnafræðilegu ástandi og skal það hafa góða magnstöðu. Rekstraraðila er skylt að vakta grunnvatn vegna mögulegra áhrifa urðunarstaðarins á það til að tryggja að vatnshlotið uppfylli umhverfismarkmið um gott efnafræðilegt ástand og að ástand þess hraki ekki. Vöktunarholurnar skulu vera nægilega djúpar og staðsettar þannig að þær geti gefið sem réttasta mynd af ástandi grunnvatns við urðunarstaðinn.

Umhverfismarkmið strandsjávarvatnshlotsins eru að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi.

Umhverfismarkmiðin sem sett eru fyrir vatnshlotin eru lagalega bindandi og þau þarf að uppfylla.

3.6 Fráveita frá brennsluofnum

Frárennsli skal vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, og þannig að ákvæði reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, séu uppfyllt. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal leitt í sér hreinsivirki.

Að lágmarki skal vera tveggja þrepa hreinsun til staðar á fráveituvatni frá þvotti og vinnslu í samræmi við BAT¹⁰. Fastefni úr síu og fitugildru skulu fara í brennsluofn. Eftir að föst efni og fita hafa verið fjarlægð skal leiða vökvann í rotpró og í siturbeð sem staðsett er á jarðvegsyfirborði á fylltum hluta urðunarhólfins.

Ekki má verða vart við frárennsli við yfirborð jarðvegs. Ef það gerist skal siturbeð og siturlögn endurnýjuð innan tveggja mánaða og gripið til annarra fullnægjandi aðgerða dugi það ekki.

3.7 Hauggas

Starfrækja skal kerfi til að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífræna úrgangsefna. Rekstraraðili skal eftir fremsta megni leitast við að nýta gasið en brenna það ella, að fengnum viðeigandi leyfum. Söfnun, meðhöndlun og nýting hauggass skal vera með þeim hætti að umhverfið verði fyrir sem minnstum skaða eða spjöllum og að sem minnst hætta steðji að heilbrigði manna.

Heimilt er að nýta hauggas sem eldsneyti brennsluofna fyrir aukaafurðir dýra. Slík notkun telst vera endurnýting á hauggasinu. Heimilt er að nýta gasið til annarrar endurnýtingar í samráði við eftirlitsaðila.

Verði vart við leka hauggass frá gassöfnunarkerfi skal bregðast við án tafar, stöðva lekann og gera viðeigandi endurbætur á búnaði.

¹⁰ BAT 14, sbr. gr. 3.1



3.8 Hávaði

Rekstraraðili skal draga úr hávaða frá starfseminni eins og kostur er og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Rekstraraðili skal draga úr/koma í veg fyrir hávaða frá brennsluofnum með því að nota einhverja þá tækni sem tilgreind er í BAT-niðurstöðum¹¹.

3.9 Efnanotkun

Rekstraraðili skal innleiða og notast við íðefnastjórnunarkerfi í því skyni að lágmarka efnanotkun með þeim aðferðum sem skilgreindar eru í BAT-niðurstöðum,¹² þar með talið við hreinsun og sótthreinsun á aðstöðunni við brennsluofna¹³. Sé þess kostur að skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið skal það gert. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.6.

4 MÓTTAKA, URÐUN OG BRENNSLA ÚRGANGS

4.1 Móttaka og skráning úrgangs

Skrá skal upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Skrá skal magn og tegundir úrgangs sem tekið er á móti, í samræmi við flokkun í reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Einnig skal skrá uppruna úrgangsins eftir atvinnugreinaflokkum og sveitarfélögum, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrirtæki ef um er að ræða heimilisúrgang og ráðstöfun úrgangsins. Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku úrgangs til urðunar.

Móttaka úrgangs til urðunar skal vera í samræmi við viðmiðanir um móttöku úrgangs í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003. Við móttöku úrgangs til urðunar skal fara fram sjónrænt mat og krefja má úrgangshafa um gögn til að sannreyna að úrgangurinn uppfylli móttökuskilyrði fyrir þann úrgang sem heimilt er að urða, sbr. gr. 1.2 í starfsleyfi þessu. Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum staðarins skal hafnað og eftirlitsaðila tilkynnt um slíkt án tafar. Rekstraraðila er heimilt að krefja úrgangshafa um gögn til staðfestingar á því að spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði urðaður.

Fylgja skal viðmiðunum og aðferðum við móttöku úrgangs er mælt er fyrir um í viðauka II reglugerðar nr. 738/2003.

¹¹ BAT 17, sbr. gr. 3.1

¹² BAT 3, sbr. gr. 3.1

¹³ BAT 11, sbr. gr. 3.1



4.2 Spilliefni

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni, önnur en stöðug óvirk spilliefni sbr. gr. 1.2, séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til urðunar. Öðrum spilliefnum sem kunna að berast rekstraraðila skal komið í viðeigandi farveg t.d. til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri.

4.3 Varúðarráðstafanir á urðunarstað

Koma skal úrgangi þannig fyrir á urðunarstaðnum að haugurinn og tengd mannvirki verði sem stöðugust, einkum þannig að ekki verði um skrið að ræða, sbr. 19 gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Hafi tilbúnum tálma verið komið fyrir skal gengið úr skugga um að hið jarðfræðilega undirlag sé svo stöðugt, með tilliti til jarðmyndana á urðunarstað, að sig valdi ekki skemmdum á tálmanum.

4.4 Daglegur frágangur urðunarreina

Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra og vargfugls. Skal þekjulagið vera að lágmarki 15 cm að þykkt. Óheimilt er að nota þekjuefni sem getur sjálft haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.

Gott skipulag skal vera á urðunarstaðnum og skal halda stærð vinnsluflatar í lágmarki hverju sinni.

4.5 Endanlegur frágangur urðunarreina

Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, a.m.k. 1 m þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af þeim og sig ofan í úrganginn sé lágmarkað. Óheimilt er að nota efni sem getur haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.

BRENNSLUOFNAR

4.6 Rekstur brennsluofna

Heimilt er að reka tvo brennsluofna ásamt tengdum búnaði, s.s. móttökuþró, innmötunarbúnaði og hakkara á urðunarstaðnum. Viðhaldsáætlun skal vera tiltæk um starfrækslu brennsluofna í samræmi við leiðbeiningar frá framleiðanda. Aukaafurðir dýra sem bíða brennslu skulu geymd í lokuðum ílátum og þannig að það verði ekki til lýtis eða ónæðis. Tryggja skal að ekki verði lyktarmengun eða fok frá geymslu úrgangsins.

4.7 Útblástur frá brennsluofnum

Draga skal úr losun mengandi efna í útblæstri frá brennsluofnum með viðeigandi tækni í samræmi við BAT-niðurstöður¹⁴. Reykur frá brennsluofnunum skal leiddur út um reykháf. Hæð reykháfs skal vera nægileg og útblásturshraði nógu mikill til að ekki sé hættu á niðurdrætti útblásturs í nágrenni ofnsins. Rekstraraðili skal koma í veg fyrir eða draga úr lykt frá brennsluofnum með því að nota einhverja þá tækni sem tilgreind er í BAT-niðurstöðum¹⁵.

¹⁴ BAT 15, sbr. gr. 3.1

¹⁵ BAT 19, sbr. gr. 3.1



4.8 Meðhöndlun úrgangs frá brennsluofnum

Aska, gjall og leðju frá brennslusofninum skal endurnýta, eftir því sem unnt er, eða urða á stað sem til þess hefur starfsleyfi. Nota skal viðeigandi aðferðir til formeðhöndlunar úrgangs ef nauðsyn krefur.

Heimilt er að meðhöndla og geyma allt að 300 tonn af botnösku á lokuðu yfirborði með frárennsli sem er tengt við sand- og olíuskilju. Gerðar skulu ráðstafanir til að hindra óþarfa dreifingu botnöskunnar, t.d. með byggingu skýlis. Einungis má losa botnöskuna til urðunar í urðurnarhólf að loknu útskolunarprófi sem staðfestir að ekki sé um spilliefni að ræða sbr. viðauka II í reglugerð nr. 738/2003.

5 INNRA EFTIRLIT OG UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Skráningar

Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

1. Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnarbúnaði,
2. Þjálfun starfsfólks sbr. gr. 2.4,
3. Kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar,
4. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.7,
5. Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á mót, sbr. gr. 4.1,
6. Úrgangur sem hafnað er til urðunar, þar með talið magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til viðeigandi móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, sbr. gr. 4.1,
7. Staðan á urðunarstaðnum; svæði undir úrgangi, aðferðir við urðun, hvenær og hversu lengi er urðað og útreikningar á því urðunarrými sem eftir er á staðnum,
8. Breyting á umfangi urðaða úrgangsins (sig),
9. Aðferðir sem beitt er við hreinsun athafnasvæðis fyrir brennsluofna,
10. Niðurstöður hitamælinga fyrir brennsluofna, mælt við innvegg á meðan á brennslu stendur,
11. Viðhald á brennsluofnum og tæmingu hreinsivirkja sem eru til staðar,
12. Mælingar á útskolunareiginleikum ösku frá brennsluofnum,
13. Magn ösku, gjalls og leðju sem fargað er á urðunarstað,
14. Niðurstöður vöktunarmælinga sbr. gr. 5.2,
15. Rekstur hreinsimannvirkja skv. gr. 3.4 og 3.6,
16. Niðurstöður mælinga á magni og samsetningu sbr. gr. 5.2,
17. Daglegt magn úrkomu á staðnum,
18. Daglegt hitastig; lágmark, hámark og kl. 12 á hádegi,
19. Dagleg stefna og styrkur ríkjandi vindáttar,
20. Loftraki, daglega kl. 12 á hádegi,
21. Dagleg uppgufun.

Ef upplýsingar um veðurfar liggja fyrir frá nálægri veðurstöð má styðjast við þær.



5.2 Mælingar og skýrslur til eftirlitsaðila

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á sigvatni, grunnvatni, yfirborðsvatni, sjávarseti og hauggasi skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni og seti þar sem meðalsamsetning er dæmigerð og skulu mælingar á hauggasi gefa rétta mynd af hverjum hluta urðunarstaðarins. Jafnframt skal rekstraraðili tryggja að mælingar á útblæstri frá brennsluofnum fari fram árlega í samræmi við BAT¹⁶ við hefðbundin rekstrarskilyrði.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga. Upplýsingar um framkvæmdina skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Í samræmi við samþykktu vöktunar- og mælingaráætlun fyrir starfsemina skal rekstraraðili vakta sigvatn, grunnvatn, yfirborðsvatn, sjávarset Stekkjarvíkur, losun í loft frá brennsluofnum og hauggas sem nánar er útfært í samþykktri vöktunar og mæliáætlun fyrir starfsemina.

Staðsetja skal mælibrunna í samráði við eftirlitsaðila.

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla.

5.3 Losun í vatn og vöktun grunnvatns og strandsjávar

Við útrás fráveituvatns í viðtaka mega hvergi vera:

- Set eða útfellingar,
- Þekjur af rotverum,
- Olía eða froða,
- Úrgangur eða aðrir aðskotahlutir,
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

Verði vart við uppsöfnun mengunarefna við útrásina skal rekstraraðili bregðast við með fullnægjandi hætti og sjá til þess að allar einingar hreinsivirkisins virki sem skyldi.

Vöktunin skal sýna fram á ástand vatnshlotanna (strandsjávar og grunnvatns) og hvort að þau nái þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau sbr. gr. 3.5. Vöktunin skal m.a. beinast að áhrifum starfseminnar á efnasamsetningu grunnvatns og strandsjávar í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Vakta skal áhrif starfseminnar á styrk og dreifingu efna á lista I og II í viðauka reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, efni á lista III í viðauka III reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og viðauki III, kafla 2 í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

¹⁶ BAT 8, sbr. gr. 3.1



Vöktun er nánar útfærð í vöktunaráætlun og skal vera nægileg til að geta greint umtalsverða og viðvarandi, stígandi leitni vaktaðra efna, nógu tímanlega til að unnt sé að grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir breytingar á gæðum grunn- og yfirborðsvatns. Eftirlitsaðila er heimilt að breyta tíðni eftirlitsmælinga telji stofnunin að ástæða sé til á grundvelli niðurstaðna vöktunar.

5.4 Losun í loft og vöktun brennsluofna

Framkvæma skal mælingar á losun í andrúmsloft, a.m.k. einu sinni á ári á meðan starfsemin er í fullum gangi, fyrir þau mengunarefni sem talin eru upp í eftirfarandi töflu. Mælingar skal gera í samræmi við EN-staðla eða, ef þeir eru ekki fáanlegir, staðla Alþjóðlegu staðla samtakanna (ISO), ÍST staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögn séu af sambærilegum gæðum. Losunargildi í útblæstri eru tekin fram þar sem þau eiga við¹⁷.

Mengunarefni	Staðlar	Losunargildi*
Brennisteinsoxíð (SOx)	EN 14791	100 mg/ Nm ³
Mengunarefni	Staðlar	Leiðbeinandi losunargildi
Kolsýringur (CO)	EN 15058	30 mg/ Nm ³
Ryk	EN 13284-1	-
Köfnunarefnisoxíð (NO _x)	EN 14792	-
Ammoníak (NH ₃)	EN ISO 21877	-
Heildarmagn rokgjarna lífrænna efna (TVOC)	EN 12619	-
Vetnisklóríð (HCl)	EN 1911	-
Vetnisflúoríð (HF)	-	-
Kvikasilfur (Hg)	EN 13211	-
Málmar og málmleysingar: kadmíum (Cd), þallíum (Tl), blý (Pb), króm (Cr), kopar (Cu), vanadíum (V), nikkell (Ni), Arsen (As), antímon (Sb), kóbolt (Co) og mangan (Mn)	EN 14385	-
Díoxín /fúrön	EN 1948-1, EN 1948-2, EN 1948-3	-

* Losunar- og viðmiðunargildin í töflunni eru reiknuð sem meðalgildi þriggja sýnataka í röð sem standa í a.m.k. 30 mínútur hver. Ef 30 mín sýnataka hentar ekki vegna sýnatöku- eða greiningartakmarkanna er heimilt að nota dæmigerðari sýnatöku-/mæliaðferð, sjá nánar í BAT-niðurstöðum.



5.5 Umsjón mælinga og kostnaður

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu auk vöktunar sbr. gr. 5.1. Umhverfis- og orkustofnun getur krafist frekari mælinga ef þörf krefur. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfis- og orkustofnun samþykkir.

5.6 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður vöktunarmælinga og skráninga sem getið er um í starfsleyfi þessu, sbr. kröfur í 3. 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. gr. 3.5.

5.7 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfis- og orkustofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, sbr. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 990/2008 um umhverfisupplýsingar.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfis- og orkustofnunar. Eftirlitsaðili getur veitt rekstraraðila heimild til að skila umhverfisupplýsingum sameiginlega með ársyfirliti sbr. gr. 5.6 en skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

6 FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemin vegna urðunar úrgangs fellur undir lið 5.4 í viðauka I laga nr. 7/1998 og lið 5.4 í viðauka I reglugerðar nr. 550/2018. Starfsemi vegna brennslu dýraskrokka fellur undir lið 6.5 í viðauka I reglugerðar nr. 550/2018 og lið 6.5 í viðauka I laga nr. 7/1998. Starfsleyfið er jafnframt gefið út í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Rekstraraðili greiðir Umhverfis- og orkustofnun gjald vegna útgáfu starfsleyfisins, eftirlits og beitingu þvingunarúrræða skv. gildandi gjaldskrá.

7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta er veitt samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003. Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 21. maí 2041.

Starfsemin er ekki heimil án starfsleyfis og rekstraraðila ber að sækja tímanlega um endurnýjun á starfsleyfi ef halda á rekstrinum áfram þegar gildistími leyfisins rennur út.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um endurskoðun og breytingu starfsleyfis er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfis- og orkustofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.



Reykjavík, 21. maí 2025
Umhverfis- og orkustofnun

Gestur Pétursson
Forstjóri

Arnar Össur Harðarson
Sérfræðingur



VIÐAUKI 1

Yfirlit yfir skil:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðin skil tilgreind:

- Í gr. 1.6 er kveðið á um að áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur.
- Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Í gr. 5.6 er kveðið á um að senda skuli eftirlitsaðila niðurstöður skráninga sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 5.2. og 5.6 er kveðið á um að rekstraraðili skulu taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga.
- Í gr. 5.7 er kveðið á um að rekstraraðili skuli skila umhverfisupplýsingum árlega.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.



FYLGISKJAL 1

Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis Norðurá bs., Skagfirðingabraut 17-25, 550 Sauðárkrók.

Umhverfisstofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa. Leyfi þetta er veitt af Umhverfis- og orkustofnun en hún tekur við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun.

1. Almenn

Þann 15. september 2021 sótti Norðurá bs. um breytingu á starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Stekkjarvík. Óskað var eftir að heimild til urðunar yrði aukin úr 21.000 tonnum af almennum úrgangi í 30.000 tonnum á ári. Samhliða því sótti Norðurá um að setja upp tvo brennsluofna við urðunarstaðinn sem gætu tekið við allt að 6.000 tonnum af aukaafurðum dýra til brennslu (3.000 tonn hver).

Umhverfis- og orkustofnun auglýsti tillögu að endurskoðuðu starfsleyfi, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, á tímabilinu 4. apríl 2025 til og með 5. maí 2025. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar þann 4. apríl 2025. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send til rekstraraðila, Sveitarfélagið Húnabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður, Sveitarfélagið Skagaströnd, Matvælastofnun og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands Vestra.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun birti álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar þann 18. mars 2021. Í matsskýrslunni kemur fram að framkvæmdin samanstandi af aukningu árlegrar urðunar og uppsetningu brennsluofna fyrir aukaafurðir dýra. Þrátt fyrir fyrirhugaða aukningu urðunar í 30.000 tonn á ári, stendur til að halda sama heildarmagni í 630.000 tonn á rekstartíma. Ástæðan fyrir þessari ósk um árlega aukningu var vegna þess að á árunum á undan hafi mörgum ófullnægjandi urðunarstöðum á Norðurlandi verið lokað, með þeim afleiðingum að árið 2019 hafi Norðurá tekið á móti yfir 25.000 tonnum sem var umfram leyfilegt magn í starfsleyfinu. Ástæðan fyrir því að sótt var um leyfi fyrir rekstur brennsluofnanna er til að brenna aukaafurðir dýra og koma þannig í veg fyrir urðun þeirra á urðunarstaðnum og á jörðum í dreifbýli (heimaurðun).

Í ferli við gerð starfsleyfisins hefur Umhverfis- og orkustofnun farið ítarlega yfir matsskýrslur og álit Skipulagsstofnunar með tilliti 27. gr. laga nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Álit Skipulagsstofnunar er lagt til grundvallar þessu starfsleyfi ásamt matsferlinu í heild og umsókn rekstraraðila. Umhverfisstofnun veitti umsögn til Skipulagsstofnunar um frummatsskýrslu 30. júní 2020.



2.1 Landslag og ásýnd

- Það er álit Skipulagsstofnunar að framkvæmdin muni ekki hafa í för með sér ásýndabreytingu miðað við núverandi aðstæður. Byggingin utan um brennsluofnana getur verið sýnileg úr einhverri fjarlægð, en áhrif þess eru ekki talin meiri en aðrar hefðbundnar byggingar.
 - Í gr. 2.4 er gerð krafa um að rekstraraðili skuli halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu.

2.2 Loftgæði – gasmyndun

- Í matsskýrslunni kemur fram að í dag er hauggasi safnað og það brennt í háfi til að draga úr gróðurhúsaáhrifum þess. Norðurá áformar að nota hauggasið til brennslu í brennsluofnum fyrir aukaafurðir dýra. Skipulagsstofnun telur að í starfsleyfinu þurfi að setja viðmiðunarmörk fyrir losun frá brennslu ásamt því að möguleiki sé á að setja skilyrði um mótvægisáðgerðir ef losun er yfir mörkum.
 - Í gr. 2.5 er gerð krafa um að rekstraraðili skuli vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi fyrir brennsluofna.
 - Í gr. 3.1 kemur fram að búið sé að skilgreina bestu aðgengilegu tækni fyrir brennslu á aukaafurðum dýra og að rekstraraðili skuli sjá til þess að starfsemi brennsluofna sé ávallt í samræmi við BAT-niðurstöður.
 - Í gr. 3.7 er gerð krafa um að rekstraraðili safni hauggasi og skuli eftir fremsta megni nýta gasið s.s. sem eldsneyti í brennsluofna fyrir aukaafurðir dýra. En brenna það ella.
 - Í gr. 4.7 er gerð krafa um að draga skuli úr losun mengandi efna í útblæstri brennsluofna með viðeigandi tækni í samræmi við BAT-niðurstöður. Einnig að reykur frá brennsluofnum skuli leiddur í nægilega hæð og útblásturshraði nógu mikill svo að ekki sé hætt á niðurdrætti í nágrenni ofnanna.
 - Í gr. 5.4 er gerð krafa um að vakta losun í útblæstri brennsluofna. Hvaða mengunarefni skuli vakta og hvaða losunargildi skuli miða við í samræmi við BAT.
 - Í vöktunar og mælingaráætlun skal áfram vakta magn og samsetningu hauggassins líkt og í fyrri leyfi.

2.3 Lyktarmengun

- Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að Norðurá hefði gert nægilega grein fyrir lyktarmengun og ráðstöfunum til að draga úr henni. Sem og að í ljósi reynslu staðarins telst ólíklegt að lyktarmengun aukist þrátt fyrir aukningu árlegs urðunarmagns og lyktarmengunar frá brennsluofni telst óveruleg.
 - Í gr. 2.1 er gerð krafa um að meðhöndla skuli allan úrgang þannig að hann valdi sem minnstu ónæði, þ. á m. lykt.
 - Í gr. 2.5 er gerð krafa um að vinna skuli eftir umhverfisstjórnunarkerfi fyrir brennsluofna og hluti af því kerfi er áætlun um lyktarstjórnun.
 - Í greinum 4.4 og 4.5 er tekið fram hvernig gengið skuli frá urðunarreinum þannig að lykt berist ekki frá þeim.



- Í gr. 4.7 er gerð krafa um að koma í veg fyrir eða draga úr lykt frá brennsluofni með því að nota þá tækni sem tilgreind er í BAT-niðurstöðum.

2.4 Vatn og jarðvegur

- Fram kemur í matsskýrslunni að helsta hættan á mengun í grunnvatn sé undir og neðan við urðunarstaðinn. Undir urðunarstaðnum eru söfnunarlagnir sem safna sigvatni og leiða það í hreinsivirki fyrir neðan urðunarstaðinn. Skipulagsstofnun ítrekaði að bæta þurfi hreinsivirkið, þar sem núverandi hreinsivirki er ekki að ná að hreinsa sigvatnið nægilega vel áður en það er leitt í viðtakann. Stofnunin benti einnig á að tryggja þurfi rétta meðhöndlun vatns frá gámum og bílum sem koma með aukaafurðir dýra til brennslu. Skipulagsstofnun telur að aukin árleg urðun muni ekki hafa veruleg áhrif á grunnvatn og jarðveg, svo lengi sem hreinsivirkið virki sem skyldi. Skipulagsstofnun ítrekaði mikilvægi þess að í starfsleyfinu væri tryggt að vöktun verði með þeim hætti að hægt sé að bregðast við ef neikvæð áhrif koma fram. Skipulagsstofnun ítrekaði mikilvægi þess að dregið verði úr urðun lífræns úrgangs, m.a. með brennslu aukaafurða dýra. Skipulagsstofnun bendir á að samræma þurfi sýnatökur og bæta úrvinnslu á niðurstöðum til að auðvelda greiningu gagna, ef neikvæð áhrif koma fram.
 - Í starfsleyfinu er búið að uppfæra kröfur um vöktun og er hún í nú í samræmi við reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns og reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
 - Í gr. 3.4 er gerð krafa um að safna skuli öllu sigvatni undan urðunarstaðnum og að hreinsivirkið skuli hreinsa sigvatnið með fullnægjandi hætti, þannig að mengun gæti ekki í viðtaka.
 - Í gr. 3.6 er gerð krafa um að fráveita frá brennsluofn og þvotti við hana verði að lágmarki að fara í gegnum tveggja þrepa hreinsun.
 - Í gr. 3.9 er gerð krafa um notast skuli við íðefnastjórnunarkerfi í samræmi við BAT, þ.m.t. við hreinsun og sótthreinsun á aðstöðu við brennsluofna.
 - Í gr. 5.2 er gerð krafa um að staðsetja skuli mælibrunna í samráði við eftirlitsaðila.
 - Í gr. 5.3 er gerð krafa um að allar einingar hreinsivirkis skulu virka sem skyldi.
 - Með starfsleyfinu fylgir ítarleg vöktunaráætlun þar sem tilgreind eru þau mengunarefni sem skal vakta og tíðni mælinga. Vöktunin skal gefa til kynna ástandi vatnshlotanna. Vatnshlotin hafa þau umhverfismarkmið að vera í góðu efnafræðilegu ástandi og með góða magnstöðu. Reksturinn má ekki valda því að ástandi vatnshlotanna hraki, hvorki tímabundið né varanlega.

2.5 Hljóðvist

- Fram kemur í matsskýrslunni að urðunarstaðurinn er úr alfaraleið og því fáir sem geti orðið varir við hávaða frá starfseminni. Skipulagsstofnun tók undir það og telur að áhrif hávaða teljist óveruleg.



- Í gr. 2.1 er gerð krafa um að meðhöndla skuli úrgang þannig að það valdi sem minnstum hávaða.
- Í gr. 2.5 er gerð krafa um að gerð sé áætlun um hávaðastjórnun sem hluta af umhverfisstjórnunarkerfi vegna reksturs brennsluofnanna.
- Í gr. 3.8 er gerð krafa um að tryggja skuli að hávaði frá starfseminni skuli vera í samræmi við reglugerð um hávaða. Í sömu grein er tekið fram að til að koma í veg fyrir að hávaði berist frá brennsluofnum skuli rekstraraðili nota einhverja þá tækni sem tilgreind er í BAT-niðurstöðum.

2.6 Fok úrgangs og fínefna

- Í matsskýrslunni kemur fram að urðunarhólfir eru niðurgrafir undir yfirborð og jarðvegs manir reistar meðfram hólfum sem eru að fyllast. Það er mat Skipulagsstofnunar að áhrif foks úrgangs teljist óveruleg og að vanda skuli við meðhöndlun ösku. Að því gefnu teljist áhrif foks fínefna óveruleg og staðbundin.
 - Í gr. 2.1 er gerð krafa um að rekstraraðili skuli meðhöndla allan úrgang þannig að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna.
 - Í gr. 3.2 er farið yfir hvernig koma skuli í veg fyrir fok úrgangsefna.
 - Í greinum 4.4 og 4.5 er gerð krafa um að rekstraraðili skuli þekja úrgang sem urðaður hefur verið, m.a. til að koma í veg fyrir fok.
 - Í gr. 4.4 er einnig tekið fram að óheimilt er að nota þekjuefni sem sjálft getur fokið.
 - Í gr. 4.8 er farið yfir hvernig meðhöndla skuli öskuna frá brennsluofninum og er gerð krafa um að hindra óþarfa dreifingu ösku s.s. með byggingu skýlis.

2.7 Fuglar og meindýr

- Í matsskýrslunni kemur fram að mávar og hrafnar sæki í urðunarstaðinn, en ekki önnur dýr. Skipulagsstofnun telur að með því að þekja úrgang jafnóðum og hann er urðaður og draga úr urðun lífræns úrgangs, megi draga úr ágangi fugla og annarra dýra. Stofnunin bendir á að nánari ákvæði um mótvægisáðgerðir og framfylgd þeirra þurfi að vera í starfsleyfi.
 - Í gr. 2.2 er gerð krafa um að rekstraraðili útbúi áætlun um mótvægisáðgerðir til að bregðast við ágangi meindýra. Rekstraraðili skal sjá til þess að meindýr og vargfugl hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila.
 - Í gr. 2.4 er gerð krafa um að svæðið sé afgirt með girðingu til að hindra aðgang skepna. Hlið skulu lokað og læst nema þegar starfsemi fer fram.
 - Í gr. 4.4 er gerð krafa um að birgða samdægurs yfir urðunarrein sem búið er að urða í með minnst 15cm þykku lagi til að koma í veg fyrir að meindýr og vargfugl komist í úrganginn.



2.8 Niðurstaða

Í niðurstöðum Skipulagsstofnunar ítrekar stofnunin mikilvægi þess að í starfsleyfinu verði sett viðmiðunarmörk um losun efna í útblæstri brennsluofna og jafnframt skilyrði um mótvægisaðgerðir.

- Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í BAT-niðurstöðum fyrir brennsluofna aukaafurða dýra eru listuð þau mengunarefna sem skal vakta í útblæstrinum. En þar eru eingöngu losunargildi fyrir örfá þeirra. Því er gerð krafa um að vakta öll þau mengunarefni sem tekin eru fram í gr. 5.4, en eingöngu eru losunargildi fyrir tvö þeirra. Verði vart við losun umfram losunargildin sem tekin er fram í gr. 5.4 skal rekstraraðili nota viðeigandi tækni í samræmi við BAT, líkt og tekið er fram í gr. 4.7.

3. Athugasemdir við auglýsta tillögu

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfistillöguna. Bréf barst frá Matvælastofnun þar sem vísað er í reglugerðir nr. 1069/2009 og nr. 142/2011 sem voru innleiddar í íslenska löggjöf með reglugerð nr. 674/2017 um aukaafurðir dýra. Ákvæði reglugerðanna snúa að smitsjúkdómum en sambærileg ákvæði eru þegar tekin fyrir í starfsleyfinu út frá mengunarvörnum. Önnur ákvæði í bréfinu eiga ekki við um starfsemi Norðurá bs. Matvælastofnun er einnig eftirlitsaðili með starfseminni, skv. lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Þann 13. maí 2025 fundaði Umhverfis- og orkustofnun með Matvælastofnun þar sem staðfest var að ekki var um formlegar athugasemdir að ræða, heldur var stofnunin eingöngu að benda á hlutverk sitt, sérstaklega við eftirlit aukaafurða dýra sem fara í brennslu. Rekstur brennsluofnanna er skráningarskyldur hjá Matvælastofnun. Því verða skilyrði reglugerðarinnar ekki tekin fyrir hér.

4. Breytingar frá auglýstri tillögu

Gerð var eftirfarandi breyting á starfsleyfi í gr. 4.6 um rekstur brennsluofna þar sem eftirfarandi texta var bætt við: „Aukaafurðir dýra sem bíða brennslu skulu geymd í lokuðum ílátum þannig að það verði ekki til lýtis eða ónæðis. Tryggja skal að ekki verði lyktarmengun eða fok frá geymslu úrgangsins“.

Einnig voru gerðar lagfæringar á stafsetningu, orðalagi og vísan í lög og reglugerðir.

5. Áhrifamat á vatn

Vatnshlotin sem líklegust eru til að verða fyrir áhrifum af starfsemi Norðurá bs. eru grunnvatnshlotið Stórisandur (101-173-G) og strandsjávvarhlotið Horn að Hvannadölum (101-1338-C). Umhverfisstofnun óskaði þann 22. mars 2024 eftir því að rekstraraðili gerði áhrifamat á vatn fyrir bæði vatnshlotin, en umbeðið áhrifamat barst frá rekstraraðila þann 30. maí 2024. Áhrifamatið var metið fullnægjandi og er gerð krafa um vöktun og mælingar, sem fylgja starfsleyfinu.



Í gr. 5.3 er gerð er krafa um vöktun sem skal sýna fram á ástand vatnshlotanna og er útfærsla vöktunar listuð upp í viðauka starfsleyfis. Vakta skal magn og samsetningu sigvatns sem kemur frá urðunarstaðnum, stöðu og samsetningu grunnvatns fyrir ofan og neðan urðunarstaðar, sem og mengunarefni í sjávarseti.

Í fyrra starfsleyfi var gerð krafa um að vakta samsetningu yfirborðsvatns í Dalalæk (101-1693-R) fyrir ofan og neðan urðunarstað. Við yfirferð á drögum starfsleyfis þann 30. október 2024 óskaði rekstraraðili eftir að hætt yrði vöktun á Dalalæk þar sem hingað til hefðu mælingar sýnt að urðunarstaðurinn væri ekki að hafa neikvæð áhrif á ástand vatnshlotsins og vitnaði í niðurstöður fyrra mats á umhverfisáhrifum. Félst stofnunin á það og mat það sem svo að mælingar í Stekkjarvíkurlæk myndu gefa réttari mynd af mögulegri mengun frá urðunarstaðnum, en Dalalækur. Því er gerð krafa um að framvegis verði gerðar mælingar á samsetningu Stekkjarvíkurlækjar, sem liggur frá urðunarstað, norðvestur og niður að sjó. Taka skal fram að Stekkjarvíkurlækur er ekki skilgreint sem sér vatnshlot.

6. Gildistaka

Stofnunin hefur tekið ákvörðun um útgáfu á endurskoðuðu og breyttu starfsleyfi fyrir Norðurá bs., Skagfirðingabraut 17-25, 550 Sauðárkrók. Umhverfis- og orkustofnun sendir starfsleyfið til rekstraraðila eftir ákvörðun um útgáfu og undirskrift.